

Nd. **41. Frumvarp til laga** [40. mál]
um breyting á lögum nr. 49/1967, um skólakostnað.

Flm.: Karvel Pálmason, Jónas Árnason, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Á eftir 1. málsg. 7. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Þó skal ríkissjóður ávallt greiða 75% áætlaðs stofnkostnaðar sundlauga í útgerðarstöðum, sem hafa innan við 4000 íbúa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Einnig skal ríkissjóður greiða 75% áætlaðs stofnkostnaðar þeirra sundlauga, sem eru í byggingu og ekki hefur verið gengið formlega frá samningum um kostnaðarskiptingu.

Greinargerð.

Samhljóða frv. hefur verið flutt á tveim undanförunum þingum, en í hvorugt skiptið hlotið afgreiðslu.

Enn er þess freistað að flytja málið í trausti þess að þingheimur sjái og viðurkenni í verki með samþykkt frv., að hér er ekki einungis um að ræða sjálfsagt réttlætismál, heldur einnig lífsnauðsynlegt fyrir sjómannastéttina og þjóðarheildina.

Sundkennsla er mikilvægur liður í menntun barna og unglinga, enda er lágmarkskunnátta í sundíþróttinni gerð að skilyrði við fullnaðarpróf.

Það er öllum til gagns og ánægju að kunna að synda, enda hafa Íslendingar löngum verið hreyknir af færni sinni í þeirri íþrótt.

En sundkunnátta er þó sérstaklega mikilvæg við sjávarsíðuna, þar sem sjósókn er helsti atvinnuvegurinn. Það getur einfaldlega ráðið úrslitum um líf og dauða sjómanns, ef óhapp ber að höndum, hvort hann er syndur eða ekki.

Það hefur lengi verið ljóst, að með núgildandi ákvæðum um hlutdeild ríkissjóðs í greiðslu stofnkostnaðar skólahúsnæðis og óbreyttri stefnu í hönnun slíkra mannvirkja, þar á meðal sundlauga, eiga fjölmörg minni sveitarfélög við sjávarsíðuna víðs vegar um landið þess engan kost að koma upp sundlaugum svo að viðunandi sé.

Lítill og févana sveitarfélög geta með engu móti lagt fram 50% af stofnkostnaði slíkra mannvirkja, enda sýna þær upplýsingar sem fyrir liggja að ástand í þessum málum er hið hörmulegasta og fjöldi útgerðarstaða á landinu hefur alls enga aðstöðu til sundkennslu.

Af þeim 64 útgerðarstöðum, sem hafa íbúatölu undir 4000, er aðeins um að ræða 21 stað, sem hefur sundkennsluástöðu, 11 sem hafa algerlega ófullnægjandi aðstöðu eða eru með slíka aðstöðu í endurbvæðingu eða smíðum. Af þessu er ljóst að aðeins 21 útgerðarstaður af 62 hefur aðstöðu til sundkennslu. 30 útgerðarstaðir hafa enga slíka aðstöðu og ekki sjáanlegt að um breytingu þar á verði að ræða að óbreyttum lögum.

Þó nokkuð sé mismunandi ástand í þessum eignum eftir kjördæmum, þá er áberandi verst ástandið á Vestfjörðum. Þar mundu 13 staðir falla undir ákvæði frv. þessa ef samh. verður, og af þessum 13 stöðum hafa 8 alls enga sundaðstöðu, 3 staðir eru með ófullnægjandi aðstöðu eða aðstöðu sem er í byggingu, aðeins 2 staðir á Vestfjörðum af 13 hafa því aðstöðu til sundkennslu.

En þó ástand þessara mála sé verst á Vestfjörðum, þá sýna upplýsingarnar á meðfylgjandi fylgiskjali, að úrbóta er víðar þörf.

Þetta frumvarp er flutt til að bæta úr þessu. Það felur í sér, að við byggingu sundlauga í minni sjávarþorpum, þ.e. þeim sem hafa innan við 4000 íbúa, skuli ríkissjóður greiða 75% stofnkostnaðar í stað 50%. Með slíkri breytingu væri þeim sjávarþorpum, sem nú hafa enga möguleika á að eignast sundlaugar, gert kleift að byggja slík mannvirki.

Fylgiskjal

Kjördæmi	Hafa sundaðstöðu	Ófullnægjandi eða í smíðum	Engin aðstaða	Alls
Reykjanes	1	1	4	6
Vesturland	3	2	2	7
Vestfirðir	2	3	8	13
Norðurl. v.	5	0	2	7
Norðurl. e.	6	2	4	12
Austfirðir	4	3	6	13
Suðurland	0	0	4	4
	21	11	30	62